



Aðalstjórn UMF Stjörnunnar

Stjórnarfundur haldinn í Stjörnuheimilinu fimmtudaginn 20.06.2013 kl. 17:15

Mættir: Jóhann Steinar Ingimundarson (JSI), Þorsteinn Þorbergsson (ÞÞ), Sigurður Bjarnason (SB), Viðar Erlingsson (VE) og Victor Ingi Olsen (VIO). Þórdís Björk Sigurbjörnsdóttir (ÞBS) og Ragnheiður Traustadóttir (RT) boðuðu forföll. Auk þess sat Páll Grétarsson framkvæmdastjóri sem ritaði fundargerð.

Fundargerð

„Aðalstjórn UMF Stjörnunnar harmar fráfall Ólafs Eðvarðs Rafnssonar forseta Íþrótt- og Ólympíusambands Íslands sem varð bráðkvaddur á erlendri grundu í gær, langt um aldur fram. Stjarnan mun minnast Ólafs sem öflug forystumanns og góðs félaga.“

1) Fundargerð síðasta fundar – samþykkt

2) Skýrsla framkvæmdastjóra

- Nýr formaður handknattleiksdeilar.

Formaður og framkvæmdastjóri funduðu með Gunnari Erni Erlingssyni sem lýsti yfir áhuga á að taka við sem formaður handknattleiksdeildar og óskaði eftir staðfestingu aðalstjórnar á nýrri stjórn handknattleiksdeildar en ásamt honum skipa hana Guðrún Jónsdóttir og Stefán E Stefánsson. Unnið er að frekari mönnun nýrrar stjórnar.

Aðalstjórn samþykkti framangreinda tillögu um nýja stjórn handknattleiksdeildar.

- Fjöldi þátttakenda í Íþróttaskóla Stjörnunnar hefur aukist frá fyrra ári. Samtals 200 börn á námskeiðum fyrstu 2 vikurnar samanborið við 160 börn í fyrra.
- Rekstrarniðurstaða janúar – maí 2013

Rekstur félagsins í heild er í jafnvægi en blikur á lofti í körfu karla. Eigið fé er jákvætt í öllum rekstrareiningum nema körfu karla og knattspyrnu kvenna.

Framkvæmdastjóri og gjaldkeri félagsins fara yfir uppgjórið með formanni körfuknattleiksdeildar og leita lausna.

- Fyrirspurn í bæjarráði

María Grétarsdóttir mun leggja fram fyrirspurn á næsta fundi bæjarráðs varðandi fjármál félagsins og samning félagsins við bæinn. Framkvæmdastjóra er falið að fara yfir málið með fulltrúum bæjarins.

3) Staða áætlanagerðar og næstu skref

Þrátt fyrir góðan vilja og háleit markmið hefur áætlanagerð félagsins ekki gengið eins og best verður á kosið og nauðsynlegt að samræma betur vinnulag við áætlanagerðina og gera hana auðveldari fyrir deildir félagsins.

Framkvæmdastjóra falið að kalla eftir ítrun rekstraráætlana deilda fyrir árið 2013 á grundvelli fjögurra mánaða uppgjors og drögum að áætlun fyrir árið 2014 og 2015. Lögð er áhersla á að þessar upplýsingar liggi fyrir í lok júnímánaðar.



4) Endurskoðunarskýrsla og viðbrögð varðandi innra eftirlit

Framkvæmdastjóra er falið koma með tillögu að úrbótum vegna ábendinga í skýrslunni, sérstaklega varðandi aðgreiningu bókhalds og fjárreiða auk áherslu á samþykkt reikninga og tekjuskráningu.

5) Starfsmannamál

Við blasir að allt umfang í rekstri félagsins hefur stórukist á liðnum árum með tilheyrandi álagi á starfsmenn á skrifstofu félagsins og sjálfboðaliða.

Umræður um starfsmannahald og nauðsyn þess að fjölga starfsmönnum á skrifstofu í þeim tilgangi að auka þjónustu við félagsmenn og skilvirkni í fyrirliggjandi verkefnum.

Rætt um nauðsyn þess að endurskoða skipulag á skrifstofu félagsins og skýra verkefni og mögulega skiptingu þeirra á milli starfsmanna og sjálfboðaliða félagsins. Einnig er nauðsynlegt að taka afstöðu til þess hvort einhver verkefni eigi ekki heima á skrifstofu félagsins.

Framkvæmdstjóra falið að skila aðalstjórn minnisblaði varðandi málið fyrir lok júní. Minnisblaðinu er ætlað að gera grein fyrir þeim verkefnum sem unnin eru á skrifstofu félagsins í dag og þeim verkefnum sem við blasir ekki er sinnt af nægjanlegum krafti.

Aðalstjórn mun lýsa sínum sjónarmiðum fyrir miðjan júlí.

Gert er ráð fyrir að tillaga muni liggja fyrir í lok júlí.

6) Önnur mál

Aðalstjórn fagnar nýjum formanni handknattleiksdeildar og hvetur hann til þess að ljúka myndun stjórnar sem allra fyrst. Þá þakkar aðalstjórn fráfarandi stjórn deildarinnar gott starf fyrir félagið.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 18:45 Ritað PGr